STJÓRNARTÍÐINDI B 51 – 1999

9. júní 1999 1125 Nr. 394

REGLUGERÐ

um endurúthlutun aflaheimilda í norsk-íslenska síldarstofninum.

1. gr.

Fiskistofa skal þegar eftir 16. júní 1999 endurúthluta 30.000 lestum af síld úr norsk-íslenska síldarstofninum til þeirra síldarskipa, sem þann dag hafa landað 50% eða meira af þeim aflaheimildum, sem þeim var úthlutað á grundvelli 4. gr. reglugerðar nr. 179, 17. mars 1999, um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum 1999. Um skiptingu þessa magns milli einstakra skipa fer samkvæmt 4. gr. reglugerðar nr. 179/1999.

Fiskistofa skal með tilkynningu til útgerða síldarskipa fella úr gildi frá ákveðnum tíma öll leyfi íslenskra skipa til veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, þannig að heildarafli þeirra verði ekki meiri en 202.000 lestir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 11. maí 1998, um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 9. júní 1999.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Kristín Magnússon.

Stjórnartíðindi B 51, nr. 394. Útgáfudagur 9. júní 1999.

B 72
Gutenberg